

## 10. fundur 16.2.2016

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2015

Hermann Brynjarsson endurskoðandi og félagslegir skoðunarmenn, Gylfi Pálsson og María Ingadóttir, voru mætt á fundinn. Hermann fór yfir reikninga félagsins og skýrði þá. Samþykkti stjórnin 8.000.000 kr. framlag úr félagssjóði í orlofssjóð. Samþykkt að birta laun formanns og stjórnarmanna í ársreikningi. Að þessum lið loknum yfirgáfu Hermann, Gylfi og María fundinn.

#### 2. Sumarferð 2016

Tilboð í verð fyrir siglingu til Grímseyjar, sbr. síðustu fundargerð, fyrir 60-130 manns hefur fengist á 18.000 pr. farþega (matur innifalinn). Samþykkt að félagið greiði niður um kr. 3.000 pr. farþega. Ferðin hefur verið ákveðin föstudaginn 1. júlí kl. 18.

#### 3. Leikhúsfarð.

Farið verður að Melum Hörgárdal laugardaginn 12. mars kl. 13,30. Verð á sýningu með kaffi kr. 370.000,- rúta kr. 90.000.- Ellilífeyrisþegum er boðið á sýninguna.

#### 4. Tilboð í eignarhlut FVSA í Tækifæri hf frá KEA. Samþykkt að hafna tilboðinu.

#### 5. Viðræður standa yfir milli stéttarféлага í Eyjafirði, Skagafirði og allt til Blönduóss um að ráða sameiginlegan eftirlitsfulltrúa undir yfirskriftinni "Einn réttur, ekkert svindl".

Samþykkt að leyfa formanni að vera með í umræðunni meðan kostnaður er innan ákveðins ramma. Leggja fyrir stjórn þegar endanleg kostnaðaráætlun liggur fyrir.

#### 6. Fyrirhugaður er kynningafundur LÍV föstudaginn 26. febrúar n.k. um kjarasamninginn og reglur starfsmenntasjóðs SVS. Samþykkt að senda einn starfsmann.

#### 7. Kvennaráðstefna ASÍ 14.-15. apríl haldin að Hótel Norðurljósum.

Fulltrúar frá FVSA verða 5. Samþykkt.

#### 8. Stórfundur aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel verður 7. maí n.k.

FVSA á 2 fulltrúa á fundinn. Samþykkt

#### 9. Önnur mál.

Kynnt afmæli ASÍ haldið í Hofi 12. mars kl. 20-22.

Fjárhagsáætlun 2016. Kaup á myndavél og samþ. á 7. lið er ekki í nýgerðri

fjárhagsáætlun og hafa ber það í huga við endurskoðun áætlunarinnar.

Samþykkt að leggja til á aðalfundi að framlag í vinnudeilusjóð verði kr. 3.000.000.